

Félög Hörpu sameinuð í eitt

● Gerir rekstur hússins skilvirkari og markvissari

Öll félög um rekstur tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu hafa verið sameinuð í eitt sem ber nafnið Harpa og verður opinbert hlutafélag. Þetta telst stór áfangi í því ferli að gera rekstur hússins skilvirkari og markvissari.

Haldinn var hluthafafundur í Austurhöfn, yfirlíðagi Hörpu, á fimmtudaginn og var það jafnframt fyrsti fundur eigendaneftnar hússins, en það er sem kunnugt er í eigu ríkisins (54%) og Reykjavíkurborgar (46%). Á fundinum var samþykkt eigendastefna fyrir Hörpu og jafnframt var ákveðið að hefja samruna Austurhafnar og Hörpu, að undan-



Morgunblaðið/Július

Harpa Tónlistar- og ráðstefnuhúsið er nú rekið undir einu félagi.

skildu lóðafélaginu Sítusi, sem verður sjálfstætt og mun heyra beint undir ríki og borg. Þegar því sammunaferli lýkur í lok janúar hafa öll félögin um Hörpu verið sameinuð í eitt. Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg segir að allir fundarmenn hafi lýst mikilli ánægju með þennan áfanga og samþykkt jafnframt starfsreglur fyrir stjórn Hörpu, svo

allir ferlar mættu vera sem skýrastir.

Nýja stjórn Hörpu skipa Helga Jónsdóttir, formaður, Haraldur Flosi Tryggvason, varaformaður, Pétur Ásgeirsson, Helga Margrét Reykdal, Kjartan Órn Ólafsson, Póru Þórhalla Sigurðardóttir og Svanhildur Konráðsdóttir. Forstjóri Hörpu er Halldór Guðmundsson.